

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingar sem hér segir:

Krókatjörn, L125143, Mosfellsbæ – nýtt deiliskipulag – 518-F.

Deiliskipulagið nær yfir 1,6 ha fristundahúsalóð í Miðdalslandi í Mosfellsbæ, sem skipta á upp í tvær fristundahúsalóðir. Svæðið er staðsett við Krókatjörn norðan við Nesjavallaveg (435).

Íþróttasvæði við Varmá, Mosfellsbæ – deiliskipulagsbreyting – 111-S.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingar á byggingarheimildum í greinargerð skipulagsins. Heimildir aukast innan byggingareita b6 og b8. Nýbyggingar hafa verið innfærðar. Annað í skipulagi er óbreytt.

Fristundabyggð - Selmörk við Selvatn, L192510, Mosfellsbæ – deiliskipulagsbreyting – 531-F.

Breytingin felur í sér breytt lóðamörk innan svæðis deiliskipulagsins. Spildu A er skipt upp í tvær lóðir sem hvor um sig verður rúmur ha að stærð og ný lóð fær auðkennið E. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 4. ágúst 2022,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 5. ágúst 2022